

FUNDARGERÐ

239. stjórnarfundur Ríkisútvarpsins ohf.

haldinn í Efstaleiti 1, 103 Reykjavík, 18. mars 2022 og hófst kl. 12:00.

Mætt voru stjórnarmennirnir Jóhanna Hreiðarsdóttir, Björn Ólafsson, Mörður Áslaugarson, Jón Ólafsson, Guðlaugur G. Sverrisson og Margrét Tryggvadóttir í fjarveru Marðar Árnasonar. Marta Guðrún Jóhannesdóttir, Brynjólfur Stefánsson og Ragnheiður Elín Árnadóttir sátu fundinn í gegnum fjarfundarbúnað. Einnig sátu fundinn Hrafnhildur Halldórsdóttir áheyrnarfulltrúi, Anna Bjarney Sigurðardóttir framkvæmdarstjóri fjármála og Margrét Magnúsdóttir skrifstofustjóri og staðgengill útvarpsstjóra, sem ritaði fundargerð.

1) Samstæðureikningur Ríkisútvarpsins ohf. 2021

a. Samstæðureikningur

Forstöðumaður fjármáladeildar, Bryndís Dagsdóttir, kynnti samstæðuársreikning Ríkisútvarpsins fyrir árið 2021. Ársreikningurinn var áritaður af endurskoðanda án fyrirvara.

Heildartekjur samstæðunnar á árinu námu 7.059 m.kr. og hækkuðu um 2,9% milli ára. Tekjur vegna sölu auglýsinga voru 2.026 m.kr., rekstrargjöld námu 6.760 m.kr. og stóðu nánast í stað milli ára og hækkuðu um 0,05%. Fjármagnsliðir voru neikvæðir um 254 m.kr. samanborið við 353,2 m.kr. á árinu 2020, en gengisþróun var meginástæðan fyrir breytingunni. Hagnaður af rekstri félagsins 45,2 m.kr. eftir skatta.

Frá reikningsárinu 2013-2014 hafi afkoma RÚV verið jákvæð, ef frá sé talið árið 2020, en þá lækkuðu tekjur mikið, bæði þjónustutekjur og einnig hafði COVID-19 áhrif til lækkunar tekna vegna dræmrar auglýsingasölu.

Efnahagsreikningur samstæðunnar stækkaði um 5,1% milli ára. Helsta ástæða megi rekja til þess að á árinu 2021 festi RÚV kaup á sýningarréttum vegna stórmóta í íþróttum sem koma til sýninga á næstu árum. Eignir í árslok námu 8.766 m.kr., skuldir 6.798 m.kr. og eigið fé var 1.968 m.kr. Eiginfjárhlutfallið var 22,5%, samanborið við 23,1% í árslok 2020. Stöðugildum fækkaði á árinu og voru 252 að meðaltali yfir árið 2021, samanborið við 266 á árinu 2020.

Stjórn RÚV samþykkti ársreikninginn með áritun sinni.

b. Skýrsla endurskoðanda

Sveinn R. Reynisson frá Avant endurskoðun fór yfir skýrslu endurskoðanda. Það var álit endurskoðanda félagsins að ársreikningurinn gefi skýra mynd af afkomu félagsins fyrir árið 2021, efnahag þess 31. desember 2021 og breytingu á handbæru fé á árinu. Jafnframt að hann sé í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla.

2) Önnur mál

Stjórn RÚV ákvað að ræða viðmið um eignfærða sýningarréttarsamninga á næsta stjórnarfundum.

Fundi slitið.

Lu et q. p. r. e. e. Jónna J. v.
Mörður Áslaugarson (fyrir Utv.)
Ch. J. v.
Jón Ólafsson
Björn Ólafsson